



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

2. tbl. 2009, - 19. árg.  
Júní 2009

## 17. júní hátíðarhöld—Þjóðhátíð

## Stjórn FÍL

Haldin laugardaginn 13. júní 2008 á tjaldstæðinu hjá Ed í  
Heiderscheidergrund, norður Luxembourg (sama stað og í fyrra)

*Tjaldstæðið er 10 km suður af Wiltz, skilti félagsins verða sett upp*

Aðalfundur FÍL var haldin 7. maí  
síðastliðinn. Ný stjórn var kosin,;  
Formaður: Ingvi Kristján  
Guttormsson

Ritari: Elsa Kjartansdóttir

Gjaldkeri: Sigrún Þorgilsdóttir

Meðstjórnandi: Daði Gylfason

Meðstjórnandi: Torfi  
Halldórsson

Varamður: Heba Brandsdóttir.

Í stjórn hættu, Matthildur  
Kristjánsdóttir, Óskar  
Sigþórsson og Katrín  
Guðbrandsdóttir.

### D a g s k r á:


14:00 Skemmtun hefst  
Stór hoppukastali  
Pylsu- og nammisalan opnar

14:30 - 16:30  
Andlitsmálning fyrir stóra  
sem smáa

14:45 Lalli grallari sér um leiki fyrir  
börn og fullorðna

16:30 Lambalærin grilluð og fín,  
borin fram með allskonar  
meðlæti

19:00 Dagskrárlok



Gestir eru sérstaklega hvattir til að taka með sér **borð**, nóg er af stólum en engin borð.

Næg bílastæði eru á tjaldevæðinu og félagsmenn eru hvattir til að tjalda (útileguflingur), munið eftir  
borðum, sóhlíf og/eða regnhlíf en umfram allt að klæða sig samkvæmt veðurspá. Vasaljós eru nauðsynleg  
eftir að myrkva tekur. Hægt er að tengja tæki við rafmagn og þá er nauðsynlegt að hafa meðferðis  
framlengingarsnúrur.

Drykkjarföng selur Ed, vinur okkar frá síðustu þjóðhátíðum og er gestum vinsamlegast bent á að versla við  
barinn.

Stjórn FÍL hlakkar til að eiga skemmtilega útileguhelgi með skemmtilegasta fólki EVER!

*Nú er bara að mæta.*